

Erindisbréf fyrir Laganefnd

Skipan og umboð

Nefndin er skipuð af stjórn UMFÍ að afloknu sambandsþingi og fer með fræðslumál í umboði stjórnar og samþykktum lögum UMFÍ. Stjórn skipar formann nefndarinnar. Nefndin er skipuð eftirfarandi einstaklingum:

Ragnheiður Högnadóttir, stjórn/USVS, formaður
Valdimar Leó Friðriksson, UMSK
Hjalti Árnason, UMSS

Fundir og starfshættir

Stjórn tilnefnir starfsmann nefndarinnar. Starfsmaðurinn undirbýr fundi nefndarinnar, situr fundi hennar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt. Starfsmaður ritar fundargerðir nefndarinnar og ber ábyrgð á því að samþykktum nefndarinnar sé hrint í framkvæmd í samráði við framkvæmdastjóra. Fundargerðina skal rita eftir hvern fund og vista hana á viðeigandi svæði í skjalavistunarkerfi UMFÍ.

Formaður nefndarinnar boðar fundi í samráði við starfsmann nefndarinnar. Geti nefndarmaður ekki sótt fund skal hann tilkynna það til formanns og starfsmanns nefndarinnar. Formaður nefndar ber ábyrgð á því að samvinna sé á milli nefnda þegar það á við. Til fundar telst löglega boðað hafi allir nefndar meðlimir verið boðaðir með að minnsta kosti þriggja sólarhringa fyrirvara.

Formaður nefndarinnar stýrir fundum. Nefndin getur boðað á sinn fund aðila til viðræðna um tiltekin mál. Þeir sem sitja fundi nefndarinnar skulu gæta fyllsta trúnaðar um þau einkamál er rædd kunna að vera á fundum. Þagnarskylda þessi helst þó látið sé af þessum störfum.

Nefnd er óheimilt að stofna til fjárskuldbindinga í nafni UMFÍ nema með fyrirfram samþykki framkvæmdastjóra.

Hlutverk og verkefni

Hlutverk og verkefni laganefndar er:

- Að yfirfara og endurskoða lög UMFÍ
- Að yfirfara lög nýrra aðildarfélaga
- Að vera stjórn til ráðgjafar varðandi lagaleg mál
- Að starfa samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun hverju sinni
- Að fylgjast með framkvæmd íþróttalaga, æskulýðslaga og annarra laga og reglugerða er snerta starfssvið nefndarinnar.

Markmiðum sínum nær nefndin m.a með því að stuðla að samstarfi við sambandsaðila og önnur félagasamtök.

Formaður og starfsmaður nefndar skulu leitast við að tryggja að í þeim málum sem til umfjöllunar koma í nefndinni sé andstæðum sjónarmiðum gert jafn hátt undir höfði og lýðræðisleg vinnubrögð jafna viðhöfð.

Ákvarðanir nefndarinnar taka formlegt gildi við staðfestingu stjórnar. Fundargerðir nefndarinnar skulu lagðar fyrir stjórn til kynningar og samþykktar. Stjórn getur send erindi aftur til nefndar og óskað endur umfjöllunar eða frekari rökstuðnings. Auk verkefna sem nefndin hefur með höndum skv. erindisbréfi þessu, getur stjórn UMFÍ falið nefndinni ýmis mál með erindisbréfum eða samþykktum.

Hæfi og skyldur nefndarmanna

Nefndin skal leitast við í allri sinni ákvarðanatöku að hafa hagsmuni UMFÍ að leiðarljósi. Það leggur þær skyldur á fulltrúa í nefndinni að setja ávallt hagsmuni heildarinnar ofar sérhagsmunum, hvort sem heldur er sínum eigin eða einstakra hópa er þeir tengjast eða tilheyra. Fulltrúar sem gætu átt hagsmuna að gæta skulu upplýsa um það áður en mál er tekið til umfjöllunar. Fundarmaður, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarherbergi nefndarinnar við umræðu og afgreiðslu þess. Að öðru leyti vísast til siðareglna UMFÍ.

Nefndin hlutast ekki til um daglegan rekstur og starfsemi UMFÍ sem heyrir undir nefndina. Nefndin hefur ekki boðvald yfir starfsfólki UMFÍ. Sé þörf á vinnu starfsmanna UMFÍ vegna verkefna á vegum nefndarinnar skal ósk um slíka vinnu berast framkvæmdastjóra UMFÍ frá formanni nefndar eða starfsmanni hennar.

Gildistaka

Erindisbréf þetta hefur verið samþykkt í stjórn og tekur gildi 12.janúar 2018. Starfstímabil nefndarinnar lýkur á sambandsþingi UMFÍ haustið 2019.